

Náttúruauðlindir Íslands:

Formenn stjórnarflokkanna, þeir Geir H. Haarde og Jón Sigurðsson, hafa lagt fram á hinu háa Alþingi þingmannafrumvarp til breytinga á Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr 33, 17. júní 1944, með síðari breytingum. Samhengis vegna tel ég rétt að taka greinina upp í heild sinni. Hún hljóðar svo:

“Náttúruauðlindir Íslands skulu vera þjóðareign þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila samkvæmt 72. gr. Þær ber að nýta þær til hagsbóta þjóðinni, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum. Ekki skal þetta þó vera því til fyrirstöðu, að einkaaðilum séu veittar heimildir til afnota eða hagnýtingar á þessum auðlindum samkvæmt lögum.”

Ég er óánægður með þessa frumvarpsgrein, bæði hvað varðar efni og stíl. Stjórnarskrárákvæði eiga að vera stuttur, gagnorð og knöpp í stílum, en segja þó allt, sem segja þarf. Með þetta í huga tel ég eftirfarandi klausu óþarfa: “þó þannig að gætt sé réttinda einstaklinga og lögaðila samkvæmt 72. gr.” Séu téð réttindi fyrir hendi, eru þau þegar varin af 72. gr. Stjórnarskrárinnar og því engin ástæða til að hnykkja á þeim hér. (tautologia.)

Þá er það orðalagið: “Ekki skal þetta vera því til fyrirstöðu, að einkaaðilum séu veittar heimildir” o.s.frv. Þess í stað hefði ég einungis kosið orðalagið: Heimilt er að veita einkaaðiljum o.s.frv.

Hvað efni greinarinnar snertir finnst mér vanta inn í hana nánari tilgreiningu á þessum náttúruauðlindum, þ.e. að hér sé átt við auðlindir, hvort heldur er “í lofti, legi eða á láði”.

Einnig vantar inn í frumvarpsgreinina, að mínum dómi, ákvæði þess efnis, að hagnýtingarheimildin skuli vera bundin við ákveðinn tíma og greiða skuli gjald fyrir hana, hvort tveggja ákveðið í lögum.

Einnig sárvantar inn í greinina efnislegt ákvæði samsvarandi 3.mgr 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, að breyttu breytanda, er hljóðar svo: “Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.”

Tilgangurinn með því að stjórnarskrárbinda ákvæði þess efnis, að “Náttúruauðlindir Íslands skuli vera þjóðareign” hlýtur að vera sá, og sá einn, að þjóðin öll skuli njóta arðsins af þeim. Því þarf að búa svo um hnútana í eitt skipti fyrir öll, að þessar auðlindir verði aldrei afhentar einhverjum sérrettindahópum á silfurfati. Ég leyfi mér því að leggja til, að þetta stjórnarskrárákvæði verði svohjóðandi:

“Náttúruauðlindir Íslands, hvort heldur er í lofti, legi eða á láði, skulu vera þjóðareign. Þær ber að nýta til hagsbóta þjóðinni, eftir því, sem nánar er ákveðið í lögum. Heimilt er að veita einkaaðiljum afnota –eða hagnýtingarrétt á þessum auðlindum til ákveðins tíma gegn gjaldi, hvort tveggja ákveðið í lögum. Slík afnotaréttindi geta aldrei skapað eignarrétt eða

óafturkallanlegt forræði einstakra aðilja yfir náttúruauðlindinni.”

Magnús Thoroddsen, hæstaréttarlögmaður.